

Nd.

99. Frumvarp

til laga um mentaskóla Norður- og Austurlands á Akureyri.

Flutningsmaður: Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Við gagnfræðaskólann á Akureyri, sem eftirleiðis kallast mentaskóli Norður- og Austurlands, skal bætt lærdómsdeild. Hún hefir rjett til að útskrifa stúdenta til háskóla Íslands. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið semur, í samráði við skólameistara og kennara gagnfræðaskólans á Akureyri, reglugerð handa skólanum og gefur hana út.

Pangað til sú reglugerð verður samin starfar skólinn með líku sniði, og verða í honum kendar sömu námsgreinar sem í lærdómsdeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík.

2. gr.

Kennarar skólans eru fimm, og er einn þeirra skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með kennurum skólans, nemendum hans, húsum, áhöldum og eignum. Um laun kennara og skólameistara fer sem ákveðið er í launalögum.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1926.

Greinargerð.

Fyrir þessu þingi liggur frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík. Verði það að lögum, er um leið slitið sambandi því, sem verið hefir milli gagnfræðaskólans

á Akureyri og hins almenna mentaskóla í Reykjavík. Sá rjettindamissir, sem Norðlendingar og Austfirðingar þannig verða fyrir, yrði hættur með því að gefa Akureyrarskólanum rjett til að útskrifa stúdenta. Er því rjett, að áðurnefnt frv. um lærða skólann í Reykjavík og þetta frv. um mentaskóla Norður- og Austurlands á Akureyri fylgist að.

Frv. til laga um mentaskóla Norður- og Austurlands á Akureyri var borið fram á Alþingi 1923, en náði þá ekki fram að ganga. Er þetta frv. að mestu leyti samhljóða því, og vísast því að öðru leyti til greinargerðar, sem fylgdi frv. þá (þskj. 156 1923).